

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Vorsabær 1, landnr. 166501.*

Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar tveggja lóða, annars vegar fyrir hesthús ásamt reiðskemmu og hins vegar fyrir sumarhús sem mun hafa aðkomu af Vorsabæjarvegi.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi byggingarreitum:

Byggingarreitur 1, sumarhús (0,5 ha): Sumarhús, allt að 150 m<sup>2</sup>.

Byggingarreitur 2, hesthús og reiðskemma (1,15 ha): Reiðskemma fyrir vestan núverandi hesthús, allt að 1.500 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Samþykkt í sveitarstjórn 20. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. ágúst 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**